




Sameining sveitarfélaga Árnessýsla

Ráðgjafarsvið KPMG

–
September 2017



Fyrirvari

Samantekt þessi inniheldur niðurstöður greininga- og sviðsmyndavinnu um mögulegt framtíðarumhverfi sveitarfélaganna. Framkvæmd vinnunnar og áhersluatriði eru í samræmi við samning KPMG við sveitarfélögin.

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.

Vinnan er m.a. byggð á upplýsingum frá sveitarstjórnnum sveitarfélaganna, íbúum og kjörnum fulltrúum. Jafnframt aflaði KPMG upplýsinga úr ýmsum opinberum skýrslum og fræðigreinum.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum sveitarfélaganna eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.

Tengiliðir KPMG:

Sævar Kristinsson

Ráðgjafarsvið
Senior manager

KPMG, Ísland
skristinsson@kpmg.is

Oddur Jónsson

Ráðgjafarsvið
Senior manager

KPMG, Ísland
ojonsson@kpmg.is

Benedikt K. Magnússon

Ráðgjafarsvið
Partner

KPMG, Ísland
bmagnusson@kpmg.is

	Bls.
Inngangur	4
Samantekt	5
Sameining Árnessýslu – helstu áhrifavaldar	6
Stöðugreining	8
Sviðsmyndir	29
Um mögulegt stjórnskipulag	44
Helstu samstarfsverkefni 2017	50

Inngangur

Undanfarin ár hefur verið rætt um eflingu sveitarstjórnarstigsins og frekari tilfærslur á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga. Grundvöllur fyrir slíkri verkefnatilfærslu er að sveitarfélögin séu nægilega stór og hafi burði til að taka við þessum verkefnum.

Hér eru til skoðunar helstu áhrifavaldar sameiningar sveitarfélaganna í Árnessýslu í eitt sveitarfélag. Þar kæmu saman Árborg, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Ölfus.

Íbúafjöldi í sameinuðu sveitarfélagi yrði um 16.500 eða um 5% af heildaríbúafjölda landsins sem var 338.349 þann 1. janúar 2017. Flatarmál sameinaðs sveitarfélags yrði samtals 8.999 ferkílómetrar eða tæp 9% af heildarflatarmáli Íslands.

Helstu atvinnuvegir í sameinuðu sveitarfélagi yrðu landbúnaður, sjávarútvegur, framleiðsla, ferðaþjónusta, skapandi greinar, opinber- og ýmis önnur þjónusta. Árnessýsla er eitt helsta landbúnaðarhérað landsins. Þar eru margar af helstu náttúruperlum þjóðarinnar og vinsælustu áningarstaðir ferðamanna. Helstu þéttbýlisstaðir á svæðinu eru Selfoss, Hveragerði og Þorlákshöfn.



Byggðasafn Árnesinga – Húsið á Eyrarbakka

Samantekt

- Miðað við önnur svæði á landsbyggðinni væri sameinað sveitarfélag ungt samfélag með meðalaldur 35 ár miðað við að landsmeðaltal er 37,9 ár.
- Um er að ræða átta ólík sveitarfélög sem eru mismunandi að stærð og íbúafjölda. Minnsta sveitarfélagið taldi 467 íbúa í árslok 2016 en það stærsta 8.471 íbúa.
- Mjög mikið samstarf er á milli sveitarfélaganna í flóknu og fjölbreyttu samstarfsneti sem nær í mörgum tilfellum um allt Suðurland. Möguleg sameining myndi einfalda stjórnkerfið verulega.
- Við sameiningu yrði til fjárhagslega sterkt sveitarfélag með eignastöðu verulega umfram landsmeðaltal.
- Ekki hefur verið farið út í greiningu á mögulegum áhrifum vegna leik- og grunnskóla á svæðinu.
- Áhrif sameiningar gætu komið fram í auknum gæðum þjónustu ekki síður en hagræðingu, þótt rekstur allra sveitarfélaganna sé í jafnvægi í dag og hafi batnað verulega á undanfönum árum.
- Óvissa er um framkvæmdaþörf á komandi árum í nokkrum sveitarfélögunum en fjárfesting í fastafjármunum hefur verið ólík undanfarin ár.
- Aukin velgengni í rekstri sveitarfélaga að undanfönu virðist hafa dregið úr löngun íbúa og sveitarstjórnarmanna til sameiningar. Það er hins vegar spurning hvort það sé ekki tímaspursmál hvenær menn finna þá þörf aukast.



Einkennismerki Árnessýslu



Sameining Árnessýslu Helstu áhrifavaldar

Helstu áhrifavaldar við sameiningu

Eftirfarandi er samantekt úr niðurstöðum frá vinnuhópum, íbúafundum, fundum með kjörnum fulltrúum, könnunum og viðtölum um helstu áhrifavalda sameiningar.

- Sterkari stjórnsýslueining sem er betur í stakk búin til að gæta hagsmuna íbúanna
- Auknir möguleikar á að taka við auknum verkefnum sem nú eru á hendi ríkisins, s.s. vegamál, framhaldsskólamenntun og málefni aldraðra
- Betri forsendur til að veita faglega og sérhæfða þjónustu t.d. í skóla- og félagsmálum
- Fjárhagslega sterkara sveitarfélag til að takast á við sveiflur í efnahagslífi án þess að þurfa að skerða þjónustu við íbúa
- Mikil samvinna er nú þegar til staðar og sameining myndi þýða einföldun á stjórnkerfi og þar með líkur á betri þjónustu
- Bætt nýting fjármuna sveitarfélagsins
- Stjórnsýslan kann að virðast fjarlægari íbúum, sem er kostur þegar kemur að viðkvæmum málum s.s. barnavernd o.fl. en galli þegar kemur að upplifun og nánd
- Tilfinning um minna íbúalýðræði og minni áhrif Uppsveita og Flóa í sameinuðu sveitarfélagi
 - Sjá þó leiðir til að auka íbúalýðræði með breyttri stjórnskipan (sjá nánar kafla um stjórnskipan)
- Samræming og breytingar á gjaldskrám
 - Dæmi: Gjaldfrjáls leikskóli sem er í boði í dag er ólíkleg niðurstaða í sameinuðu sveitarfélagi.
 - Dæmi: Útsvar og fasteignagjöld eru ólík í sveitarfélögunum. Samræma þyrfti hlutföll og upphæðir m.t.t. ólíkrar stöðu og gæta að jaðartilfellum.



Stöðugreining

Stöðugreining og hugtök

Eftirfarandi er stöðugreining á núverandi íbúasamsetningu og fjármálum m.t.t. mögulegrar sameiningar sveitarfélaganna

Íbúar:

- Fjallað er um þróun íbúafjölda frá árinu 2000, samsetningu aldurshópa í hverju sveitarfélagi fyrir sig, og hvernig samsetning aldurshópa sameiginlegs sveitarfélags gæti litið út.

Fjárhagsstaða:

- Helstu stærðir í rekstri og efnahag sveitarfélaganna ásamt þróun fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum.
- Skoðað er samspil milli framlegðar og skuldsetningar hvers sveitarfélags eftir A hluta og síðan A- og B hluta. Það er gert til að skoða stöðu sveitarfélaganna út frá viðmiðum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um æskilegt viðmið milli skuldsetningar og framlegðar.

Gjaldskrá:

- Farið er yfir helstu álagningarhlutföll skatta og gjalda.

Skammstafanir sveitarfélaganna

ÁRB: Sveitarfélagið Árborg

HVE: Hveragerðisbær

ÖLF: Sveitarfélagið Ölfus

GOG: Grímsnes- og Grafningshreppur

SKGN: Skeiða- og Gnúpverjahreppur

BLÁ: Bláskógabyggð

FLÓ: Flóahreppur

HRU: Hrunamannahreppur

Fasteignir:

- Upplýsingar um fjölda íbúða, sumarhúsa og gistirýma skráð á Airbnb.

Hugtök

- Framlegð: Heildartekjur að frádregnum gjöldum án afskrifta.
- Skuldsetning: Heildarskuldir á móti heildartekjum.
- Veltufé frá rekstri: Rekstrarniðurstaða leiðrétt vegna tekna og gjalda sem ekki hafa áhrif á sjóðsstöðu.
- Skuldaviðmið: Heildarskuldir (að teknu tilliti til frávika sem draga má frá skuldum skv. viðmiðum frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga) á móti heildartekjum.
- A-hluti: Til A hluta heyrir sú starfsemi sem sveitarfélag fjármagnar að hluta eða öllu leyti með skatttekjum. Það felur í sér rekstur á grunnþjónustu sveitarfélags.
- A- og B-hluti: Í B hluta eru fyrirtæki, stofnanir eða aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða að meirihluta eru í eigu sveitarfélags og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. A- og B-hluti sýnir því heildarumsvif sveitarfélagsins.

Heimild: Samband Íslenskra sveitarfélaga

Stöðugreining varpar ljósi á núverandi stöðu sveitarfélaganna til þess að skapa skilning á helstu stærðum m.v. núverandi stöðu

Netkönnun á meðal íbúa í Árnassýslu

Góð þátttaka í könnun um áhrifabætti sameiningar

Opnað var fyrir þátttöku í netkönnun á meðal íbúa sveitarfélaganna átta í Árnassýslu þann 3. apríl 2017 og var könnunin opin þátttakendum til 18. apríl 2017.


Alls svöruðu 1.490 manns könnuninni sem samsvarar um 9% af heildaríbúafjölda sveitarfélaganna átta. Dreifing var nokkurn veginn í réttu hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi sem og miðað við mismunandi aldurshópa.

Í ljós kom að íbúar í Árnassýslu telja gæði og viðhald vega, þjónustu við aldraða og nálægð við heilbrigðisþjónustu vera mikilvægustu þættina þegar kemur að þróun samfélagsins til framtíðar. Þó er rétt að nefna að ekki mældist mikill munur á þessum þremur mikilvægustu þáttum og þeim sem næst komu þar á eftir (sjá töflu aftar í skjalinu).

Þegar kemur að áhrifum mögulegrar sameiningar á mismunandi málaflokka kemur í ljós að heilt yfir telja flestir að staða þeirra verði óbreytt (54%) komi til sameiningar. Rétt rúmur fjórðungur (26%) telur að sameining verði til batnaðar en rétt rúmur fimmtungur (21%) telja að sameining muni leiða til verri stöðu.


Meðaltal svara um viðhorf til sameiningar

- Versnar
- Óbreytt
- Batnar



Niðurstöður íbúakönnunar - Árnessýsla


Mikilvægustu þættir í þróun samfélagsins



Hvaða áhrif hefur sameining? – Svör íbúa


Meðaltal svara um viðhorf til sameiningar

- Versnar
- Óbreytt
- Batnar




Þróun atvinnutækifæra og nýsköpun

- Versnar
- Óbreytt
- Batnar




Gæði og viðhald vega

- Versnar
- Óbreytt
- Batnar




Nálægð við grunnskóla

- Versnar
- Óbreytt
- Batnar




Þjónusta við aldraða

- Versnar
- Óbreytt
- Batnar




Fjölgun íbúa

- Versnar
- Óbreytt
- Batnar



Nálægð við heilbrigðisþjónustu

- Versnar
- Óbreytt
- Batnar



Íbúafundir – Unnið með sviðsmyndir

Íbúafundir í öllum sveitarfélögum

Haldnir voru íbúafundir í öllum átta sveitarfélögum. Þar gafst íbúum færi á að vinna með sviðsmyndir til ársins 2030 með aðstoð ráðgjafa KPMG. Fundirnir voru auglýstir á miðlum sveitarfélaganna auk birtingar í Dagskránni og í Útvarpi Suðurland.

Þátttakendur fengu kynningu á stöðu sveitarfélaganna, verkferlinu við mögulega sameiningu þeirra og síðan unnu þeir með sviðsmyndir sem lýstu mögulegri stöðu sveitarfélaganna árið 2030. Var unnið með fjórar ólíkar sviðsmyndir og velt upp mismunandi samfélögum sem gæti blasað við íbúum svæðisins til framtíðar.

Myndir frá opnum íbúafundum á vormánuðum 2017



Nokkrar myndir frá íbúafundum



Nokkrar myndir frá íbúafundum



Íbúasamsetning í árslok 2016


Íbúasamsetning í árslok 2016									
	KK	KVK	0-1 árs	2-5 ára	6-15 ára	16-19 ára	20-67 ára	>67 ára	Alls
ÁRB	4.297	4.174	202	435	1.296	495	5.031	1.012	8.471
HRU	412	361	15	29	80	52	487	110	773
HVE	1.241	1.242	64	124	294	130	1.487	384	2.483
ÖLF	1.064	941	31	106	261	127	1.273	207	2.005
GOG	243	224	7	22	43	22	322	51	467
SKGN	323	271	13	21	61	25	411	63	594
BLÁ	517	509	24	42	120	50	688	102	1.026
FLÓ	340	308	20	35	100	37	399	57	648
Sameinað	8.437	8.030	376	814	2.255	938	10.098	1.986	16.467

Íbúasamsetning í árslok 2016 (hlutfall aldurshópa)								
	KK	KVK	0-1 árs	2-5 ára	6-15 ára	16-19 ára	20-67 ára	>67 ára
ÁRB	51%	49%	2%	5%	15%	6%	59%	12%
HRU	53%	47%	2%	4%	10%	7%	63%	14%
HVE	50%	50%	3%	5%	12%	5%	60%	15%
ÖLF	53%	47%	2%	5%	13%	6%	63%	10%
GOG	52%	48%	1%	5%	9%	5%	69%	11%
SKGN	54%	46%	2%	4%	10%	4%	69%	11%
BLÁ	50%	50%	2%	4%	12%	5%	67%	10%
FLÓ	52%	48%	3%	5%	15%	6%	62%	9%
Sameinað	51%	49%	2%	5%	14%	6%	61%	12%


Hlutfallsleg breyting íbúa milli 2000-2016									
	KK	KVK	0-1 árs	2-5 ára	6-15 ára	16-19 ára	20-67 ára	>67 ára	Br. í fjölda
ÁRB	43%	46%	25%	10%	35%	32%	49%	75%	2.613
HRU	9%	4%	-52%	-47%	-41%	8%	22%	104%	49
HVE	33%	41%	39%	18%	-11%	10%	48%	85%	667
ÖLF	17%	21%	-24%	-17%	-15%	20%	26%	127%	322
GOG	36%	51%	133%	29%	-7%	0%	53%	76%	140
SKGN	17%	5%	-7%	-28%	-35%	-42%	42%	-2%	61
BLÁ	19%	24%	9%	-11%	-21%	-11%	35%	70%	178
FLÓ	29%	35%	100%	40%	8%	6%	46%	6%	157
Sameinað	33%	36%	14%	1%	6%	17%	42%	75%	4.187

Íbúasamsetning í árslok 2016 - þéttbýliskjarnar


Hveragerði




Sveitarfélagið Árborg



Sveitarfélagið Ölfus



Þéttbýliskjarnar




Heimild: Hagstofa Íslands. Greining KPMG.


Fjöldi einstaklinga innan hvers aldursbils (hvert bil er 5 ár) hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig í árslok 2016

Íbúasamsetning í árslok 2016 - dreifbýli


Grímsnes- og Grafningshreppur




Hrunamannahreppur




Flóahreppur




Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Dreifbýli




Bláskógabyggð




Heimild: Hagstofa Íslands. Greining KPMG.

Fjöldi einstaklinga innan hvers aldursbils (hvert bil er 5 ár) hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig í árslok 2016

Íbúasamsetning í árslok 2016



Samtals (ef sameinað)




Heimild: Hagstofa Íslands. Greining KPMG.

Fjöldi einstaklinga innan hvers aldursbils (hvert bil er 5 ár) hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig í árslok 2016


Þróun íbúafjölda

Þróun íbúafjölda hvers sveitarfélags				
	2000	2006	2010	2016
Sveitarfélagið Árborg	5.858	7.311	7.827	8.471
Hrunamannahreppur	724	786	795	773
Hveragerðisbær	1.816	2.184	2.316	2.483
Sveitarfélagið Ölfus	1.683	1.846	1.915	2.005
Grímsnes- og Grafningshreppur	327	376	400	467
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	533	528	505	594
Bláskógabyggð	848	928	935	1.026
Flóahreppur	491	559	594	648
Sameinað sveitarfélag	12.280	14.518	15.287	16.467


Þróun íbúa sameinaðs sveitarfélags frá árinu 2000-2016



Íbúasamsetning á Íslandi í árslok 2016



Íbúasamsetning sameinaðs sveitarfélags í árslok 2016



Samantekt


Íbúum hefur fjölgað í öllum sveitarfélögum frá árinu 2000.

- Minnst um 7% (49 íbúar) í Hrunamannahreppi en mest um 45% í Árborg (2.613).
- Þegar tölur allra sveitarfélaganna eru teknar saman má sjá að:
 - Mest hefur fjölgað í aldurshópnum 20-67 ára, en fjölgunin er 3.010.
 - Minnst hefur fjölgað í aldurshópnum 2-5 ára ára, en fjölgunin er 11 einstaklingar (1%).
 - Hlutfallslega hefur fjölgað mest í aldurshópnum eldri en 67 ára, en fjölgunin er 75%.


Samanburður - A-hluti (rekstur)

Hér er samanburður á tekjum, gjöldum og framlegð á hvern íbúa hvers sveitarfélags fyrir árin 2015 og 2016. Einnig eru til samanburðar tölur fyrir sameinað sveitarfélag og síðan landsmeðaltal.


Tekjur sveitarfélags á hvern íbúa (A - hluti)



Framlegð sveitarfélags á hvern íbúa (A - hluti)



Gjöld sveitarfélags á hvern íbúa (A - hluti)



Samantekt

Tekjur allra sveitarfélaga á hvern íbúa hækkuðu milli árána 2015 og 2016

— Tekjur sameiginlegs sveitarfélags á hvern íbúa hækkuðu um 8%

Gjöld tveggja sveitarfélaga á hvern íbúa lækka/standa í stað milli ára.

— Gjöld sameiginlegs sveitarfélags á hvern íbúa hækkuðu um 6%

Tekjur eru að vaxa umfram gjöld á hvern íbúa hjá flestum sveitarfélögum milli árána 2015 og 2016.

Framlegð á hvern íbúa er að vaxa hjá öllum sveitarfélögum. Framlegð sameiginlegs sveitarfélags á hvern íbúa hækkaði um 60% milli ára.

Landsmeðaltal var óvenju lágt árið 2015 vegna hækkingar lífeyris-skuldbindinga hjá Reykjavíkurborg.

Hemild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga. (tekjur og gjöld eru brúttó og geta verið mismunandi milli sveitarfélaga m.a. vegna samstarfsverkefna)


Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum sameinaðs sveitarfélags á hvern íbúa hafa verið í takt við landsmeðaltal á heildina séð árin 2002-2016.


Fjárfestingar sveitarfélaganna eru nokkuð misjafnar sé tímabilið frá 2002-2016 skoðað.

- Séu heildarfjárfestingar fyrir tímabilið 2002-2016 skoðaðar í hlutfalli við íbúafjölda í árslok 2016 má sjá að fjárfestingar að meðaltali á landinu nema 1,2 m.kr. á hvern íbúa en hefðu verið 1,3 m.kr. í sameinuðu sveitarfélagi.
- Fyrir sveitarfélögin sem fjallað er um í þessari skýrslu eru fjárfestingar þeirra á bilinu 0,5 – 2,5 m.kr. á hvern íbúa.

Fjárfestingar sveitarfélaga á árunum 2002-2016 á heildarfjölda íbúa sveitarfélags í árslok 2016



Fjárfestingar sveitarfélaga á hvern íbúa á hverju ári frá 2002-2016




Samtals fjárfestingar sveitarfélags árin 2002-2016 og íbúafjöldi í árslok 2016										
	ÁRB	HRU	HVE	ÖLF	GOG	SKGN	BLÁ	FLÓ	Sam-einað	Landið allt
Fjárfestingar (m.kr.) á tímabilinu 2002-2016	12.680	776	3.079	2.907	1.161	328	635	586	22.152	420.914
Íbúar í árslok 2016	8.471	773	2.483	2.005	467	594	1.026	648	16.467	338.349
Hlutfall	1,5	1,0	1,2	1,4	2,5	0,6	0,6	0,9	1,3	1,2

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga. Greining KPMG.


Samanburður - A-hluti (efnahagur)

Hér er samanburður á eignum, skuldum og eigið fé á hvern íbúa hvers sveitarfélags fyrir árin 2015 og 2016. Til samanburðar eru tölur fyrir sameinað sveitarfélag og síðan landsmeðaltal.


Eignir sveitarfélags á hvern íbúa (A - hluti)



Eigið fé sveitarfélags á hvern íbúa (A - hluti)



Skuldir sveitarfélags á hvern íbúa (A - hluti)



Samantekt

Eignir sameinaðs sveitarfélags á hvern íbúa stóð í stað milli ára 2015 og 2016

- Eignir fjögurra sveitarfélaga á íbúa hækkuðu milli ára
- Eignir fjögurra sveitarfélaga á íbúa lækkuðu milli ára

Skuldir nær allra sveitarfélaga á hvern íbúa lækkuðu milli ára 2015 og 2016

Eiginfjárstaða sveitarfélaganna á hvern íbúa batnaði hjá nær öllum milli ára 2015 og 2016

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga.

Þróun framlegðar og skuldsetningar A hluta

Töflurnar sýna stöðu sveitarfélaga m.v. skuldsetningu og framlegð

Skuldsetning A - hluti				
	2013	2014	2015	2016
Sveitarfélagið Árborg	157%	166%	167%	153%
Hrunamannahreppur	58%	68%	81%	68%
Hveragerðisbær	151%	133%	122%	121%
Sveitarfélagið Ölfus	124%	113%	106%	91%
Grímsnes- og Grafningshreppur	143%	138%	119%	108%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	17%	18%	27%	20%
Bláskógabyggð	85%	68%	58%	51%
Flóahreppur	13%	12%	10%	8%
Samanlagt	128%	127%	126%	115%

Framlegð A - hluti				
	2013	2014	2015	2016
Sveitarfélagið Árborg	9,6%	5,0%	5,1%	6,6%
Hrunamannahreppur	4,5%	2,1%	2,4%	9,9%
Hveragerðisbær	14,7%	12,2%	10,3%	10,9%
Sveitarfélagið Ölfus	17,9%	13,5%	7,0%	13,2%
Grímsnes- og Grafningshreppur	20,5%	11,3%	8,5%	8,2%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	8,9%	3,7%	-0,6%	9,0%
Bláskógabyggð	10,5%	10,3%	8,9%	10,8%
Flóahreppur	4,3%	4,6%	0,6%	10,4%
Samanlagt	11,5%	7,7%	6,1%	8,9%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga.

Samantekt

Skuldsetning

Skuldsetning allra sveitarfélaga lækkaði milli áráanna 2015 og 2016

Skuldsetning lækkaði úr 128% árið 2013 niður í 115% í árslok 2016, sem er vel innan marka viðmiðunarmarkka eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Framlegð

Framlegð allra sveitarfélaga hækkaði milli áráanna 2015 og 2016

Framlegð sameinaðs sveitarfélags hækkaði úr 6,1% árið 2015 í 8,9% árið 2016. Framlegð var þó lægri heldur en árið 2013 þegar framlegðin var 11,5%

Skuldsetning: Heildarskuldir á móti heildartekjum.

Framlegð: Heildartekjur að frádregnum gjöldum án afskrifta

Skuldsetning: Ekki er tekið tillit til þeirra frávik sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga setur í sínum viðmiðum.

Þróun framlegðar og skuldsetningar A- og B- hluta

Töflurnar sýna stöðu sveitarfélaga m.v. skuldsetningu og framlegð

Skuldsetning A og B - hluti				
	2013	2014	2015	2016
Sveitarfélagið Árborg	138%	160%	157%	142%
Hrunamannahreppur	79%	85%	94%	78%
Hveragerðisbær	141%	124%	115%	115%
Sveitarfélagið Ölfus	130%	116%	105%	93%
Grímsnes- og Grafningshreppur	161%	152%	132%	129%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	24%	23%	32%	26%
Bláskógabyggð	80%	68%	58%	49%
Flóahreppur	29%	28%	25%	21%
Samanlagt	122%	127%	123%	112%

Framlegð A og B - hluti				
	2013	2014	2015	2016
Sveitarfélagið Árborg	20,0%	13,2%	13,5%	13,2%
Hrunamannahreppur	12,6%	12,2%	11,9%	15,8%
Hveragerðisbær	17,0%	14,8%	11,6%	12,2%
Sveitarfélagið Ölfus	20,4%	18,4%	10,8%	17,2%
Grímsnes- og Grafningshreppur	22,4%	16,0%	13,6%	25,2%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	11,8%	6,0%	2,3%	11,4%
Bláskógabyggð	16,9%	16,3%	13,8%	17,3%
Flóahreppur	5,3%	5,6%	1,9%	11,1%
Samanlagt	18,2%	13,9%	12,0%	14,5%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga.

Samantekt

Skuldsetning

Skuldsetning allra sveitarfélaga lækkaði milli áráanna 2015 og 2016

Skuldsetning lækkaði úr 122% árið 2013 niður í 112% í árslok 2016, sem er vel innan marka viðmiðunarmarka eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Skuldsetning A hluta (115%) er meiri heldur en A og B hluta (112%)

Framlegð

Framlegð nær allra sveitarfélaga hækkaði milli áráanna 2015 og 2016

Framlegð hækkaði úr 12,0% árið 2015 í 14,5% árið 2016. Framlegð er þó lægri heldur en 18,2%

Framlegð A hluta (8,9%) er minni heldur en A- og B hluta (14,5%)

Skuldsetning: Heildarskuldur á móti heildartekjum.


Framlegð: Heildartekjur að fráðregnum gjöldum án afskrifta

Skuldsetning: Ekki er tekið tillit til þeirra frávik sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga setur í sínum viðmiðum.

Samspil veltufjár og skuldaviðmiðs A- og B hluta

Rekstur og skuldsetning sveitarfélaga í árslok 2016, A- og B-hluti

- Skoðað er samspil milli framlegðar og skuldsetningar sveitarfélaganna eftir A- og B hluta. Það er gert til að skoða stöðu sveitarfélaganna út frá viðmiðum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um æskilegt viðmið milli skuldaviðmiðs (150%) og veltufjár frá rekstri (7,5%).



- A** Lítil skuldsetning og rekstur stendur undir núverandi skuldsetningu að öðru óbreyttu.
- B** Lítil skuldsetning en rekstur stendur ekki undir skuldsetningu að öðru óbreyttu.
- C** Mikil skuldsetning en rekstur stendur undir núverandi skuldsetningu að öðru óbreyttu.
- D** Mikil skuldsetning og rekstur stendur ekki undir skuldsetningu að öðru óbreyttu.

ÁRB: Sveitarfélagið Árborg
 HVE: Hveragerðisbær
 GOG: Grímsnes- og Grafningshreppur
 BLÁ: Bláskógabyggð
 HRU: Hrunamannahreppur
 ÖLF: Sveitarfélagið Ólfus
 SKGN: Skeiða- og Gnúpverjahreppur
 FLÓ: Flóahreppur

Skuldaviðmið: Heildarskuldur (að teknu tilliti til frávika sem draga má frá skuldum skv. viðmiðum frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga) á móti heildartekjum.
Veltufé frá rekstri: Rekstramiðurstaða leiðrétt vegna tekna og gjalda sem ekki hafa áhrif á sjóðsstöðu.
Stuðst við viðmið frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.
 Mynd sýnir eingöngu punktstöðu.

Heimild: Samband Íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar sveitarfélaga.

Samantekt

Skuldaviðmið (skv. skilgreiningu frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga) allra sveitarfélaga er undir 150% af reglulegum tekjum.

- Af sveitarfélögum 8 er skuldaviðmið Sveitarfélagsins Árborgar hæst (134%) í árslok 2016
- Af sveitarfélögum 8 er skuldaviðmið Flóahrepps lægst (3%) í árslok 2016

Álagningarhlutföll skatta og gjalda

Forsendur

- Stuðst er við birtar gjaldskrár á heimasíðum sveitarfélaganna í ársbyrjun 2017.
- Grunneign miðast við 130 m² íbúð að verðmæti 25 m.kr. í Reykjavík.
- Stuðst er við greiningu frá Þjóðskrá Íslands varðandi mismun milli matssvæða til að endurspeglar fasteigna- og lóðamat í hverju sveitarfélagi.

Álagningarhlutföll skatta og fasteignagjalda eftir sveitarfélögum									
	Reykjavík	Sv. Árborg	Hrunamanna- hreppur	Hveragerðis- bær	Sv. Ölfus	Grímsnes- og Grafnings- hreppur	Skeiða- og Gnúpverja- hreppur	Bláskóga- byggð	Flóahreppur
Útsvarshlutfall	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	12,44%	14,48%	14,52%	14,52%
Fasteignagjöld skv. gjaldskrár									
Fasteignaskattur A (af fasteignam.)	0,20%	0,35%	0,59%	0,45%	0,38%	0,48%	0,50%	0,60%	0,50%
Fasteignaskattur B (af fasteignam.)	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur C (af fasteignam.)	1,65%	1,65%	1,32%	1,63%	1,65%	1,65%	1,65%	1,40%	1,65%
Lóðarleiga - íbúðarhúsnæði (af lóðarmati)	0,20%	1,00%	0,50%	1,00%	0,70%	1,00%		0,70%	1,00%
Lóðarleiga - atvinnuhúsnæði (af lóðarmati)	1,00%	1,00%	0,50%	1,70%	0,70%	1,00%		0,70%	1,00%
Sorphirðu- og sorpeyðingargjald	36.140	35.110*	33.600	31.870	31.825	38.364	30.420	37.372	30.022
Vatnsgjald - % af fasteignamati eða fast gjald	5.235	0,20%	0,25%	0,09%	0,12%	0,25%	0,20%	0,40%	0,20%
Vatnsgjald - gjald á hvern fermetra	203	*							
Fráveita - % af fasteignamati eða fast gjald	10.109	0,32%	0,25%	0,26%	0,25%	0,20%	0,25%	0,25%	
Fráveita - gjald á hvern fermetra	390								
Samtals gjöld á ári á íbúð	183.618	241.723	207.381	218.610	158.045	201.402	179.328	245.937	157.792

* Fasteignastuðull. Stuðst við mat á sérbyli á hverju svæði fyrir sig. Verðmætastuðull matssvæðis. Allar eignir tilheyra matssvæði. Matssvæði eru misstór en eiga það sameiginlegt að taka til svæða þar sem sölutölur eru samanburðarhæfar og mæla staðsetningaráhrif.

Heimild: Þjóðskrá Íslands, heimasíður hvers sveitarfélags.

Fasteignir og Airbnb

Fjöldi íbúða og sumarhúsa er alls um 12 þúsund í Árnassýslu í árslok 2016

- Fjöldi íbúða er 6.429
- Fjöldi sumarhúsa er 5.530

Fjöldi gistirýma skráð á Airbnb er 592 í Árnassýslu í árslok 2016

- Hlutfall gistirýma um 5% af öllum eignum í Árnassýslu

Fjöldi íbúða og sumarhúsa er alls um 149 þúsund á Íslandi í árslok 2016


- Fjöldi íbúða er 136.423
- Fjöldi sumarhúsa er 13.114

Heildarfjöldi gistirýma skráð á Airbnb er 5.820 á Íslandi í árslok 2016

- Hlutfall gistirýma um 3,9% af öllum eignum á Íslandi

Fasteignir og Airbnb				
Staða í árslok 2016	Airbnb gistirými	Fjöldi íbúða	Fjöldi sumarhúsa	Hlutfall Airbnb af heildareign.
Sveitarfélagið Árborg	100	3.266	29	3,0%
Hrunamannahreppur	29	293	344	4,6%
Hveragerðisbær	28	1.012	3	2,8%
Sveitarfélagið Ölfus	44	724	126	5,2%
Grímsnes- og Grafningshreppur	151	212	2.793	5,0%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	22	237	181	5,3%
Bláskógabyggð	172	446	1.965	7,1%
Flóahreppur	46	239	89	14,0%
Samtals	592	6.429	5.530	5,0%

Heimildir: Þjóðskrá Íslands, Airbnb.com og KPMG





Sviðsmyndir 2030

Um sviðsmyndir

Sviðsmyndir um mögulega sameiningu sveitarfélaga í Árnassýslu

Hluti af vinnuferlinu var gerð sviðsmynda um mögulega framtíð sveitarfélaganna í Árnassýslu. Þær voru mótaðar með aðkomu sveitarstjórnarmanna og annarra íbúa með viðtölum, íbúafundum og rafrænum könnunum.


Með sviðsmyndunum er leitast við að lýsa framtíðar umhverfi samfélags og atvinnulífs í Árnassýslu. Sviðsmyndirnar mótast af helstu óvissupáttum og drifkröftum sem hafa áhrif á samfélagsþróun og atvinnulífssupbyggingu til framtíðar.

Mælikvarði góðra sviðsmynda snýst ekki um það hversu vel eða nákvæmlega efnistöð þeirra rætast í framtíðinni, heldur hvort þær leiði til betri ákvarðana í dag. Markmið sviðsmyndavinnunnar er að auka skilning á mögulegu framtíðarumhverfi og auðvelda þannig bæði stefnumótun og ákvarðanatöku til framtíðar.

**Sviðsmyndirnar eru ekki framtíðarsýn, spá, stefna
eða framreikningur.
Þær eru öflug aðferð til að skilja umhverfið og skapa
skilning á því hvað rétt sé að gera í dag til að
undirbúa framtíðina.**

Ástæður sameiningar

Úr skýrslu samráðsvettvangs um aukna hagsæld



Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld og VÍ

Sveitarfélög á Íslandi

Saga sameininga


Árið 1950 var fjöldi sveitarfélaga á Íslandi í sögulegu hámarki eða 229 talsins. Sveitarfélögin voru alls 204 árið 1990 og hafði þeim því fækkað um 25 á 40 árum.

Á kjörtímabilinu 1990-1994 fækkaði sveitarfélögum um 33 og á kjörtímabilinu þar á eftir fækkaði þeim um önnur 47 sveitarfélög, og voru þau því orðin 124 talsins árið 1999.

Á komandi kjörtímabilum átti sveitarfélögum eftir að fækka enn frekar. Undir lok ársins 2014 voru þau orðin 74 og eru það enn. Um þessar mundir standa yfir viðræður og greining á mögulegum sameiningum víða á landinu.

Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi á vegum Forsætisráðuneytisins telur að auka megi framleiðni í rekstri stjórnsýslu sveitarfélaganna um 7% með því að fækka sveitarfélögum niður í 12.

Fjöldi sveitarfélaga í tímans rás frá árinu 1950



Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld og greining KPMG

Fjöldi sveitarfélaga frá 1950 til 2017


Landshluti	1950	2017	?
Höfuðborgarsvæði og Reykjanes	16	12	6
Vesturland	39	10	1
Vestfirðir	35	9	1
Norðurland vestra	33	7	1
Norðurland eystra	34	13	1
Austurland	35	8	1
Suðurland	37	15	1
Samtals	229	74	12

Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld og greining KPMG

Drifkraftar

Ýmsir óvissupættir hafa áhrif á lífshætti íbúa landsins til framtíðar. Dæmi um það er íbúapróun (fjöldi) á svæðinu, þjónustugeta sveitarfélaga (umfram lögbundna þjónustu), fjölbreytni atvinnulífs, aldursamsetning íbúa og svo mætti lengi telja.

Í verkefninu voru valdir tveir drifkraftar sem eru taldir hafa mest áhrif á framgang svæðisins. Þessir þættir eru samkeppnishæfni atvinnulífsins, sem lýsir fjölbreyttri eða einsleitri atvinnustarfsemi og eins drifkraftar sem lýsa grunngerð og innviðum sveitarfélaga t.d. með tilliti til uppbyggingu vega, öldrunarmála, skipulagsmála o.fl.



Sviðsmyndir 2030


Við samsetningu drifkraftanna tveggja myndast fjórar sviðsmyndir. Þeim voru gefin nöfn sem lýsa mögulegu ástandi árið 2030.

Stærð sveitarfélaga getur verið bæði kostur og galli, eftir því hvaða þættir eru lagðir til hliðsjónar.

Í þeim sviðsmyndum þar sem grunngerð og innviðir eru sterk má gera ráð fyrir að til staðar séu fjölmennari og fjárhagslega sterkari sveitarfélög. Á saman hátt er líklegra að þar sem grunngerð og innviðir eru veikir séu um smærri sveitarfélög að ræða.

Tvær sviðsmyndanna eru þannig líklegar til að lýsa stöðu sameinaðs sveitarfélags, þ.e. „Sól í Árneshöfði“ og „Greiðar götur“ en í þeim er fjallað um svæðið út frá sterkum innviðum. Sviðsmyndirnar „Brjálað að gera“ og „Vetur“ lýsa aftur á móti stöðu sveitarfélaga sem að öllum líkindum hafi ekki sameinast. Stærri sveitarfélögin þrjú skekkja þessa mynd, en þó gildir hún þegar á heildina er litið.

Á vinnufundum með íbúum voru þeir spurðir hvort þeir teldu vera mun eftir sviðsmyndum á því hvort sveitarfélögin væru sameinuð eða ekki og voru niðurstöður íbúa í takt við ofangreinda samantekt.



Brjáláð að gera

Einkenni árið 2030



- Næg atvinna í boði á svæðinu.
- Fjölbreytt atvinnulíf sem byggir m.a. á nýsköpun, byggingariðnaði, þjónustu, verslun og matvælastarfsemi.
- Mikil þróun í ferðaþjónustu og tengdum greinum og fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar fyrir ferðamenn.
- Opinber aðkoma s.s. að samgöngumálum, heilbrigðismálum og löggæslu hefur ekki fylgt aukinni þörf.
- Nýbúum fjölgar en ekki er skipuleg móttaka fyrir þá eða aðstoð til að aðlagast. Slíkt orsakar félagslega einangrun ákveðinna hópa.
- Ærin verkefni sveitarfélaga í skólamálum og skortur á skólahúsnæði.
- Næg atvinna og aukinn námskostnaður skapa hvata fyrir ungmenni til þess að fara beint út í atvinnulífið – sleppa framhaldsnámi.

Íbúafjöldi

- Töluverð aukning.

Tekjur sveitarfélags

- Fara vaxandi en mikil þörf fyrir uppbyggingu.



Hvernig gerðist þetta:

- Ferðaþjónustan hefur skapað grunn að margvíslegri viðbótarþjónustu, bæði í verslun og menningu. Afleiddum störfum í byggingariðnaði og við uppbyggingu fjölgar sömuleiðis.
- Almenn innviðauppbygging hins opinbera s.s. í vegamálum, heilbrigðis- og öldrunarþjónustu hefur setið á hakanum.

Staðan árið 2030	
Samgöngur	Vegasamgöngur ekki í góðu horfi. Fjöldi umferðaslysa vaxandi við helstu ferðamannastaði.
Heilbrigðis- og öldrunarmál	Skortur á hjúkrunarrýmum og búsetuúrræðum fyrir aldraða.
Atvinnumál	Fjölbreytt atvinnulíf sem byggir m.a. á nýsköpun, ferðaþjónustu, landbúnaði og tækni.
Íbúapróun	Íbúum fjölgar umtalsvert ekki hvað síst er mikil fjölgun nýbúa.
Húsnæðismál	Allnokkur uppbygging m.a. með aðkomu fyrirtækja á staðnum.
Mannlíf	Veruleg fjölgun íbúa en mannlíf líður fyrir skort á þátttöku nýbúa.

Brjálalað að gera

#efnahagsmal #ferðapjónusta #stjórnmál

Innlent

Hækkun virðisaukaskatts á ferðapjónustuna „reiðarslag“

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF, segir enga greiningu eða umræðu hafa farið fram á hækkun virðisaukaskatts á ferðapjónustu. Ekkert samráð hafi verið haft um málið. Stjórnvöld vilja tempra vöxt sem hefur verið hraðari en innviðauppygging ræður við.

Þórunn Elisabet Bogadóttir 3. apríl 2017 kl. 10:13

Viðskipti | mbl | 8.5.2017 | 7:52 | Uppfært 8:44

Farþegum fjölgaði um 29%

Farþegum Ícelandair fjölgaði um 29% í apríl frá því sem var í sama mánuði í fyrra. Sætanytingin var 82,6% en hjá Flugfélagi Íslands var sætanytingin 63,3%. Þetta kemur fram í flutningatölum félagsins fyrir apríl.



Einkenni árið 2030



- Fjölbreytt atvinnulíf sem byggir á þróun í fjölda atvinnugreina, nýsköpun og tækni. Sérkenni hvers samfélags sveitarfélagsins blómstra.
- Lykilatvinnuvegir eins og ferðaþjónusta og landbúnaður eru fjölbreyttari en áður og krefjast menntaðra starfsfólks.
- Mikil uppbygging hefur átt sér stað í innviðum á svæðinu.
- Vegir anna vel allri umferð og hafa verið breikkaðir og tvöfaldaðir (2+2) þar sem þarf. Íbúar nýta sér öflugar almenningsamgöngur til að komast á milli staða.
- Háskólaþing og símenntunarstöðvar bjóða upp á fjölbreytt námsframboð með áherslu á atvinnugreinar svæðisins.

Íbúafjöldi

- Eykst umtalsvert.

Tekjur sveitarfélagsins

- Eru sterkar og vaxandi.



Hvernig gerðist þetta?

- Árnesþing gerði samning við ríkið um að gerast þróunarsveitarfélag. Ríkið hefur greitt töluvert fé fyrir ýmiskonar þróun í atvinnu-, samgöngu-, og menntamálum og uppbyggingu innviða á svæðinu.
- Stoðum í atvinnulífinu var fjölgað með samstilltu átaki sveitarfélaga, stjórnvalda og einkaaðila.

Staðan árið 2030

Samgöngur	Vegasamgöngur eru greiðar innan og til svæðisins og almenningsamgöngur eru öflugar.
Heilbrigðis- og öldrunarmál	Góð staða í málaflokknum með öfluga heilbrigðis og öldrunarþjónustu.
Atvinnumál	Fjölbreytt störf í grunnatvinnugreinum. Nýjar atvinnugreinar spretta upp og mikil áhersla er lögð á nýsköpun. Meðallaun fara hækkandi.
Íbúapróun	Fjölgun íbúa, bæði nýbúa og annars staðar af landinu vegna fleiri atvinnutækifæra og sterkra innviða.
Húsnæðismál	Veruleg uppbygging húsnæðis í margvíslegum stærðarflokkum. Gott framboð af leiguhúsnæði.
Mannlíf	Fjölgun íbúa hefur hleypt krafti í ýmiskonar menningarstarfsemi og félagslíf. Fjölmennung blómstrar.

Sól í Árnespíngi

20.8.2019 | Fréttaveitan | #nýsköpun #viðskipti

Nýsköpunarmiðstöð Íslands opnar frumkvöðlasetur í Árnessýslu

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur opnað starfsstöð sína í nýlega
í Árnespíngi með aðsetur fyrir frumkvöðla í ferðaþjónustu og
sjávarútvegi.

Íbúum fjölgar hratt í Árnessýslu

Nýir tímar – Húsnæðismál – 1.12.2020

Í kjölfar mikils vaxtar í atvinnumálum hófst
uppbygging leiguhúsnæðis á svæðinu. Íbúum hefur
fjölgað um 10% á tveimur árum.



Einkenni árið 2030



- Nokkrar stórar atvinnugreinar en lítil fjölbreytni og lág meðallaun. Fjöldi ferðamanna nær nýjum hæðum.
- Samgöngur eru góðar, vegum vel viðhaldið og almenningssamgöngur eru öflugar.
- Grunnþjónustan er sterk sem laðar að barnafólk en lítið af störfum sem krefjast sérþekkingar. Langskólamenntuðum íbúum fækkar.
- Vel er tekið á móti fólki af erlendum uppruna sem fjölgað hefur töluvert.
- Nægt framboð er af leiguhúsnæði á vegum hins opinbera.
- Heilbrigðis- og öldrunarmál eru í góðu horfi. Nægur fjöldi hjúkrunarrýma.
- Samþjöppun hefur átt sér stað í landbúnaði, búum fækkað en tekjur hækkað.

Íbúafjöldi

- Fjölgar talsvert.

Tekjur sveitarfélaga

- Vaxandi en verulegur kostnaður á móti.



Hvernig gerðist þetta?

- Samdráttur í landbúnaði en aukning í ferðaþjónustu leiðir til minni fjárfestingar og hvata til nýsköpunar.
- Framlög ríkisins til innviðauppbyggingar hafa aukist á sama tíma og álag á innviði hefur minnkað.

Staðan árið 2030	
Samgöngur	Vegum er vel viðhaldið og almenningssamgöngur eru öflugar.
Heilbrigðis- og öldrunarmál	Fer batnandi og mikil uppbygging hjúkrunarrýma.
Atvinnumál	Atvinnulífið er fábreytt og nokkrar stórar atvinnugreinar eru ráðandi.
Íbúapróun	Íbúum fjölgar verulega og hlutfall nýbúa hækkar þar sem þeir taka að sér láglaunastörf.
Húsnæðismál	Töluvert af leiguhúsnæði í boði, sérstaklega á vegum sveitarfélaganna.
Mannlíf	Nokkuð gott menningarlíf og ríkjandi fjölmening.

Greiðar götur

Aldrei fleiri ferðamenn komið til Íslands: Spyr hvort fjölgunin sé heppileg vegna álags á náttúruna

Sunna Kristin Hilmarsdóttir skrifar 6. janúar 2017 12:03

27.10.2018 | Landsbyggðafréttir | #íbúabróun

Nýbúar setjast að á Suðurlandi í auknum mæli

Vaxandi þörf á starfsfólk í ferðaþjónustu hefur skapað eftirspurn eftir nýju vinnuafli í afgreiðslu- og þjónustustörf.



Einkenni árið 2030



- Grunnstoðir samfélagsins eru veikar. Framtaksleysi, skortur á samstöðu og atgervisflótti einkenna stöðuna.
- Samgöngur eru lélegar og víða komin þörf fyrir viðhald vega.
- Nokkuð framboð er á húsnæði þar sem íbúum hefur fækkað umtalsvert.
- Samfélagið eldist – yngri kynslóðin flyst burtu vegna fábreytni atvinnulífs.
- Ferðaþjónusta dregst saman þar sem aðstæður eru slæmar og afþreyingarmöguleikar eru fáir.
- Horft til stórskalalausna sem eiga að bæta ástand í atvinnumálum og íbúapróun.
- Töluvert atvinnuleysi sem minnkar þegar fólk flytur burt.

Íbúafjöldi

- Stöðug fækkun.

Tekjur sveitarfélagsins

- Hafa dregist umtalsvert saman.



Hvernig gerðist þetta?

- Innviðaupbygging sat á hakanum sem olli því að nýsköpun og þróun var ekki til staðar til að mæta samdrætti í atvinnulífi.
- Náttúran lét verulega á sjá þar sem sveitarfélögin voru ekki í stakk búin til að takast á við fjölgun ferðamanna meðan hún varði.

Staðan árið 2030	
Samgöngur	Litlar áherslur stjórnvalda á samgöngumál. Almenningsamgöngur ekki til staðar.
Heilbrigðis- og öldrunarmál	Ekki er staðið undir þörfum íbúa í málaflöknum og verulegur skortur á uppbyggingu.
Atvinnumál	Samdráttur í hefðbundnum atvinnugreinum og lítil þróun nýrra greina.
Íbúapróun	Íbúafjöldi hefur dregist saman og fækkun heldur áfram. Samfélagið eldist vegna brottflutnings yngri kynslóðarinnar.
Húsnæðismál	Nægt framboð af eignum en fábrotinn leigumarkaður.
Mannlíf	Menningarstarf líður fyrir fækkun íbúa.

Föstudagur 03.03.2017 - 09:30 - [Ummæli \(9\)](#)

Landsbyggðin nötrar af reiði vegna niðurskurðar í vegamálum: „Samgönguráðherra svíkur landsbyggðina“

Íbúafjöldi dregst saman í Uppsveitum Árnassýslu

12.5.2019 [Tímaritið](#) [#samfélag](#)

Samhliða öldrun samfélagsins hefur íbúum jafnt og þétt fækkað í smærri sveitarfélögum Árnassýslu sl. ár.

[Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi | SASS | Apríl 2015](#)

Hjúkrunarrýmum á Suðurlandi þarf að fjölga um rúm 19% til að bregðast við núverandi þörf.

Heildar eftirspurn telur 316 hjúkrunarrými á Suðurlandi í dag. Munar þar um 56 hjúkrunarrými sem þörf er á til viðbótar - til að uppfylla núverandi þörf íbúa á Suðurlandi eftir hjúkrunarrýmum.



Nýting sviðsmyndanna


Hvernig nýtast sviðsmyndirnar íbúum til ákvörðunar um sameiningu?

Sviðsmyndagreining losar bæði þátttakendur og lesendur úr fjötrum hefðbundinnar hugsunar og skapar ný viðhorf og forsendur til að vinna með. Til að vel takist með nýtingu sviðsmynda fyrir sveitarfélög og byggðaðróun þurfa íbúar og ekki síst sveitarstjórnarmenn að vera opnir fyrir umræðum um breytingar og framkvæmd þeirra.

Ólíkar sviðsmyndir munu höfða til lesenda með mismunandi hætti. Ef lesandinn telur hag sínum betur borgið í fjölmennara og mögulega fjárhagslega sterkara sveitarfélagi þá munu sviðsmyndirnar „Sól í Árneshöfði“ og „Greiðar götur“ höfða frekar til hans. Þær lýsa aðstæðum í sameinuðu sveitarfélagi.

Ef lesandi telur að smærri sveitarfélög séu vænlegri, þá höfða sviðsmyndirnar „Brjálað að gera“ og „Vetur“ væntanlega frekar til hans. Þær lýsa aðstæðum þar sem sveitarfélögin hafa að líkindum ekki verið sameinuð.

Í þessu sambandi er einnig rétt að nefna, að við vinnslu þessa verkefnis kom margoft fram sú skoðun bæði íbúa og sveitarstjórnarmanna að sameining sveitarfélaga í Árneshöfði væri fyrst og fremst spurning um tíma og það sama gildi jafnvel einnig um sameiningu allra sveitarfélaga á Suðurlandi.





Um mögulegt stjórnskipulag

Sveitarstjórnir í Árnæssýslu

Sveitarstjórnir í Árnæssýslu árið 2017

Í fámennum sveitarfélögum getur verið krefjandi að manna öll hlutverk í stjórnsýslu sveitarfélaga, þ. á m. sveitarstjórnina og nefndir, og oft gegna einstaklingar mörgum hlutverkum vegna takmarkaðs framboðs.

Samtals sitja 50 einstaklingar í sveitarstjórn sem aðalmenn í sveitarfélögum innan Árnæssýslu í dag.

Bláskógabyggð



Flóahreppur



Grímsnes- og Grafningshreppur



Hrunamannahreppur



Hveragerði



Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Árborg



Ölfus



Sveitarstjórn í sameinaðri Árnæssýslu

Í fjölmennum sveitarfélögum eru fleiri um hvert hlutverk í stjórnsýslu sveitarfélagsins, þ.á.m. setu í sveitarstjórn.

Í sameinaðri Árnæssýslu yrðu aðalmenn í sveitarstjórn á bilinu 11-15. Yrði því um að ræða fleiri einstaklinga sem gætu gefið færi á sér í ýmis nefndarstörf í staðinn fyrir setu í sveitarstjórn.

Sameinuð Árnæssýsla



Einstaklingar sem geta sinnt öðrum verkefnum en að sitja í sveitarstjórn




Í sameinaðri Árnæssýslu væri mögulegt að auka áhrif svæða með fjölgun byggðarráða úr einu, í tvö eða fleiri staðbundin byggðarráð (sjá nánari umfjöllun á næstu blaðsíðum).

Nefndir og ráð í Árnassýslu

Nefndir og ráð í Árnassýslu árið 2017

Um 200 einstaklingar sitja í nefndum eða ráðum innan sveitarfélaga í Árnassýslu í dag, fyrir utan sveitar- og kjörstjórnarmenn.



Dæmi um nefndir og ráð í sameinaðri Árnassýslu

Í samanburðarsveitarfélagi af svipaðri stærð og hið sameinaða sveitarfélag eru 5 fastanefndir samtals með 25 nefndarmenn. Til viðbótar starfa tímabundnar nefndir, vinnuhópar og ýmiskonar ráð sem ekki eru til talin hér.

Með því að taka upp svipað fyrirkomulag í sameinuðu sveitarfélagi er hægt að fækka nefndarmönnum umtalsvert – í þessu dæmi um allt að 175.

Sameinuðu sveitarfélagi er í sjálfsvald sett að fjölga nefndum og ráðum eftir því sem þurfa þykir og því gæti vel verið að nefndarmenn yrðu fleiri en hér kemur fram.



Aftar í skjalinu eru listuð upp helstu samstarfsverkefni sveitarfélaganna í Árnassýslu árið 2017.

Lagaumhverfi og stjórnskipulag

Almennt um stjórnskipulag

- Stjórnkerfi sveitarfélaga er almennt tvískipt.
 - Annars vegar er um að ræða lýðræðislega kjörna fulltrúa í sveitarstjórn skv. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Sveitarstjórn skipar svo í ráð og nefndir hjá sveitarfélaginu í samræmi við samþykkt um stjórn viðkomandi sveitarfélags. Oddviti sveitarstjórnar er í forsvari fyrir hana. Byggðarráð, þar sem það starfar, fer með daglega stjórn, en aðrar nefndir sem sveitarstjórn skipar fjalla um viðkomandi málaflokka í samræmi við lög, samþykkt um stjórn og erindisbréf.
 - Hins vegar er um að ræða starfsmenn sem ráðnir eru í samræmi við sveitarstjórnalög og viðkomandi reglur á vinnumarkaði. Framkvæmdastjóri (bæjarstjóri/sveitarstjóri) er þar æðsti yfirmaður.

Flokkun starfseminnar

- Samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber að flokka starfsemi sveitarfélaga í A- og B hluta:
 - A-hluti merkir aðalsjóð sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.
 - B-hluti merkir stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.
- Við flokkun á þjónustu sveitarfélaga almennt er mikil áhersla lögð á A-hluta sérstaklega, enda liggur grunnþjónusta sveitarfélaganna í þeim hluta. Að megin hluta til er starfsemi sveitarfélaganna þriggja hefðbundin starfsemi.

Lagaumhverfi og stjórnskipulag

Um frávík frá almennu stjórnskipulagi

- 1. og 2. mgr. 132. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 hljóða svo:

„Ef sveitarstjórn óskar er ráðuneytinu heimilt í tilraunaskyni að staðfesta samþykkt um stjórn og fundarsköp fyrir viðkomandi sveitarfélag sem gerir ráð fyrir öðru stjórnskipulagi en kveðið er á um í lögum þessum, þar á meðal um aukinn fjölda sveitarstjórnarmanna og aukið hlutverk einstakra nefnda eða starfsmanna sveitarfélagsins við daglega stjórn sveitarfélagsins því samfara.

Ráðuneytinu er á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. heimilt við staðfestingu samstarfssamnings skv. 93. gr. að heimila í tilraunaskyni frávík frá ákvæðum IX. kafla um samvinnu sveitarfélaga og samninga um starfrækslu verkefna.“

- Á grundvelli þessa væri hægt að móta útfærslu á tilraunaverkefni í sameinuðu sveitarfélagi, en mikilvægt er að hafa í huga að hingað til hefur ekki reynt á 132. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Tilraunaverkefni myndi snúa að stjórnsýslulegri útfærslu eftir sameiningu en ekki sameiningunni sjálfri.
- Hafa þarf í huga að um yrði að ræða tilraunaverkefni sem þyrfti að vera til a.m.k. 8 ára samkvæmt lagagreininni. Unnt er að festa tilraunina til lengri tíma, t.d. 12 ára, einkum til að ná fram betri reynslu vegna stærðar og umfangs hins sameinaða sveitarfélags.

- Taka þarf afstöðu til þess inni í samþykkt um stjórn hins sameinaða sveitarfélags hvert tímabilið á að vera, s.s. hvort tilraunin eigi aðeins að standa í 8 eða 12 ár eða hvort möguleiki eigi að vera á framlengingu. Skýrt þarf að vera hvort og hvenær taka þarf ákvörðun um að hætta tilraunaverkefninu og taka upp hefðbundið stjórnskipulag samkvæmt sveitarstjórnarlögunum.
- Sem dæmi um frávík sem unnt væri að útfæra á grundvelli 132. gr. sveitarstjórnarlaga má nefna staðbundin byggðarráð:
 - Í stað eins byggðarráðs yrði um að ræða tvö eða fleiri staðbundin byggðarráð. Starfssvæði hvers þeirra miðist að einhverju leyti við núverandi staðarmörk sveitarfélaganna eða önnur mörk sem sveitarstjórn ákveður.
 - Skipan hvers byggðarráðs gæti verið blanda af því að sveitarstjórn tilnefnir einn aðalmann sem situr í sveitarstjórn og kemur frá viðkomandi svæði ef þess er kostur, og tveir fulltrúar yrðu valdir beint af íbúum viðkomandi svæðis.
 - Byggðarráðin gætu farið með fullnaðarákvörðunarvald í tilteknum staðbundnum málum.

Nefndir – kjörnir fulltrúar

Nefndir

- Nefndir yrðu kjörnar í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins hverju sinni.
- Ekki þarf að fara í tilraunaverkefni hvað þær varðar heldur miðað við gildandi lagaheimildir og ákvörðunarvald sveitarstjórnar hverju sinni.
- Fagnefndum yrði ekki skipt á svæði innan sameinaða sveitarfélagsins til að viðhalda sérþekkingu sem oft er nauðsynlegt að hafa fyrir hendi í þeim.
- Hægt væri að útfæra í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins einhvers konar skilyrðisbindingu um búsetu nefndarmanna ef þörf krefur.
- Mögulegt yrði að skilyrða að varði málefni fagnefndar sérstaklega einn hluta sveitarfélagsins skuli byggðarráð þess hluta fá málið til umfjöllunar.
- Að öðru leyti yrði útfært í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að hvaða leyti málefni sem nefndir fjalla um þurfi að koma til umfjöllunar í byggðarráðum eða hvort málefnið fari beint frá nefnd til sveitarstjórnar.

Samstarfsverkefni

- Sveitarfélögin eiga í dag aðild að ýmis konar samstarfsverkefnum, sbr. samantekt í næsta kafla.
- Ef af sameiningu yrði tæki sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags ákvörðun um áframhald eða slit slíkra samstarfsverkefna.



Helstu samstarfsverkefni árið 2017

Almennt um samstarfsverkefni sveitarfélaga

Inngangur

- Um samvinnu sveitarfélaga og samninga um starfrækslu verkefna þeirra gildir IX. kafli sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
- Um byggðasamlög:
 - Helsta form á samstarfi sveitarfélaga er byggðasamlag. Almennt gildir um úrsögn úr byggðasamlagi að slíkt sé gert með tveggja ára fyrirvara, hafi ekki verið samið um annan tímafrest.
 - Almenn skipting við uppgjör eigna og skulda í byggðasamlögum er í hlutfalli við íbúatölu viðkomandi sveitarfélaga.
- Um samninga milli sveitarfélaga:
 - Annað algengt form í samstarfi sveitarfélaga eru samningar þar sem eitt sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög.
 - Ef aðilar að slíkum samningi eru um það sammála má slíta samstarfi þegar í stað. Að öðrum kosti getur hvert sveitarfélag sagt upp aðild sinni að samningi með eins ár fyrirvara hafi ekki verið samið um annan uppsagnarfrest. Ábyrgð á starfsemi fer að viðkomandi samningum.
- Um uppgjör og aðild að öðrum félagsformum ber að líta til laga og reglugerða er varða viðkomandi starfsemi.
- Héraðsnefndir eru ekki lengur lögbundið form á samstarfi sveitarfélaga en dæmi eru um að slíkar nefndir starfi enn.
- Í töflum hér á eftir er yfirlit yfir samstarfsverkefni sveitarfélaganna í Árnessýslu. Tilgreint er hverjir eru aðilar að samstarfinu, rekstrarform, stjórnskipulag og tilgangur.
- Einnig eru í yfirlitinu ábendingar sem ástæða er til að koma á framfæri í þessu samhengi, sbr. nánar umfjöllun í lok þessa kafla.

Samantekt samstarfsverkefna

Helstu samstarfsverkefni sveitarfélaganna				
Samstarfsverkefni	Kennitala	Aðilar innan Árnessýslu	Aðrir aðilar	Rekstrarform
Héraðsnefnd Árnésinga bs.	600289-3069	Öll 8 sveitarfélögin	Engir	Byggðasamlag
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)	480775-0159	Öll 8 sveitarfélögin	Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Vestmannaeyjabær, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Sveitarfélagið Hornafjörður	Landshlutasamtök sveitarfélaga
Héraðsskjalasafn Árnésinga	630189-2849	Öll 8 sveitarfélögin	Engir	Stofnun undir stjórn Héraðsnefndar
Listasafn Árnésinga	511076-0729	Öll 8 sveitarfélögin	Engir	Stofnun undir stjórn Héraðsnefndar
Byggðasafn Árnésinga	450464-0159	Öll 8 sveitarfélögin	Engir	Stofnun undir stjórn Héraðsnefndar
Laugaráshérað (Laugarás læknishérað)	620169-5879	Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur	Engir	Stofnun sveitarfélags í umsjón Hrunamannahrepps
Félagsþjónusta uppsveita Árnessýslu og Flóa		Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Engir	Samstarfsverkefni í umsjón Hrunamannahrepps
Skóla og velferðaðjónusta Árnéþings		Öll sveitarfélögin nema Sveitarfélagið Árborg	Engir	Samstarfssamningur í umsjón Hveragerðisbæjar (vísað til sem "byggðasamkomulag" í samningnum)
Bergrisinn bs.	570915-0290	Öll 8 sveitarfélögin	Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur	Byggðasamlag
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	480284-0549	Öll 8 sveitarfélögin	Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Vestmannaeyjabær, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur	Byggðasamlag samkvæmt samþykktum á heimasíðu
Seyrulosun		Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur	Engir	Samstarfsverkefni í umsjón Hrunamannahrepps
Sorpstöð Suðurlands bs.	420481-0719	Öll 8 sveitarfélögin	Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur	Byggðasamlag samkvæmt samþykktum á heimasíðu
Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs.	580209-0170	Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Ásahreppur	Byggðasamlag
Tónlistarskóli Árnésinga	660269-1269	Öll 8 sveitarfélögin	Engir	Stofnun undir stjórn Héraðsnefndar
Ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu		Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Engir	Samstarfsverkefni í umsjón Bláskógabyggðar

Samantekt samstarfsverkefna

Helstu samstarfsverkefni sveitarfélaganna			
Samstarfsverkefni	Stjórnskipulag	Tilgangur	Ábendingar
Héraðsnefnd Árneseinga bs.	Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga tilnefna í fulltrúaráð einn fulltrúa og annan til vara fyrir hvert byrjað þúsund samkvæmt íbúatölu viðkomandi sveitarfélags 1. desember fyrir sveitarstjórnarkosningar. Fulltrúaráð kýs fimm manna framkvæmdastjórn.	Annast yfirstjórn og rekstur tiltekinna stofnana fyrir hönd sveitarfélaga sem aðilar eru að byggðasamlaginu.	Ekki liggur fyrir hvort ráðuneytið hafi staðfest samþykktir byggðasamlagsins. Endurskoðendur hafa gert athugasemdir tengdar endurskoðun samþykta Héraðsnefndarinnar og starfsemi sem þar fellur undir.
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)	Níu fulltrúar í stjórn	Hagsmunagæsla fyrir íbúa og sveitarfélög á Suðurlandi. Einnig verkefni sem tengjast flest samningum um framlög frá hinu opinbera, m.a. almenningsamgöngur.	Fjallað er um landshlutasamtök sérstaklega í sveitarstjórnarlögum og reglugerð
Héraðsskjalasafn Árneseinga	Þrjú fulltrúar í stjórn	Skjalasafn	Þarf að skoða í samhengi við samþykktir Héraðsnefndar
Listasafn Árneseinga	Þrjú fulltrúar í stjórn	Menningarstofnun	Þarf að skoða í samhengi við samþykktir Héraðsnefndar
Byggðasafn Árneseinga	Þrjú fulltrúar í stjórn	Byggðasafn	Þarf að skoða í samhengi við samþykktir Héraðsnefndar
Laugaráshérað (Laugarás læknishérað)	Engin stjórn	Fasteignatengdur rekstur	Fara þarf yfir form og efni samstarfssamnings
Félagsþjónusta uppsveita Árneseyslu og Flóa	Engin stjórn	Félagsþjónusta á starfssvæðinu	Fara þarf yfir form og efni samstarfssamnings
Skóla og velferðarþjónusta Árneseþings	Sjö fulltrúar í nefnd oddvita / sveitarstjóra	Sérfræðiþjónusta fyrir skóla- og velferðarþjónustu	Fara þarf yfir form og efni samstarfssamnings
Bergisinn bs.	Þrjú fulltrúar í stjórn	Skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæðinu	Samþykktir byggðasamlagsins staðfestar af innanríkisráðuneytinu 27. maí 2015 (auglýsing nr. 514/2015)
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	Átta fulltrúar í heilbrigðisnefnd	Framkvæmd heilbrigðiseftirlits skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir	Ekki liggur fyrir hvort ráðuneytið hafi staðfest samþykktir byggðasamlagsins
Seyrulosun	Engin stjórn	Seyrulosun	Fara þarf yfir form og efni samstarfssamnings
Sorpstöð Suðurlands bs.	Fimm fulltrúar í stjórn	Förgun sorps	Ekki liggur fyrir hvort ráðuneytið hafi staðfest samþykktir byggðasamlagsins
Umhverfis- og tækni- og uppveita bs.	Sex fulltrúar í stjórn	Verkefni skipulags- og byggingarfulltrúa, tæknimál	Ekki liggur fyrir hvort ráðuneytið hafi staðfest samþykktir byggðasamlagsins
Tónlistarskóli Árneseinga	Þrjú fulltrúar í stjórn	Rekstur tónlistarskóla	Þarf að skoða í samhengi við samþykktir Héraðsnefndar
Ferðamálafulltrúi uppsveita Árneseyslu	Engin stjórn	Ferðamál	Fara þarf yfir form og efni samstarfssamnings

Samantekt samstarfsverkefna

Helstu samstarfsverkefni sveitarfélaganna				
Samstarfsverkefni	Kennitala	Aðilar innan Árnassýslu	Aðrir aðilar	Rekstrarform
Brunavarnir Árnassýslu bs.	470775-0419	Öll 8 sveitarfélögin	Engir	Byggðasamlag undir stjórn Héraðsnefndar
Almannavarnir Árnassýslu	651093-2369	Öll 8 sveitarfélögin	Engir	Samstarfsverkefni undir stjórn Héraðsnefndar
Flúðaskóli		Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Engir	Samningur
Leikskóli Hveragerði		Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus	Engir	Samningur
Grunnskóli Hveragerði		Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus	Engir	Samningur
Vatnsveita Árborg		Sveitarfélagið Árborg og Flóahreppur	Engir	Samningur
Háskólafélag Suðurlands ehf.	650108-0350	Öll 8 sveitarfélögin	Samkvæmt hluthafaskrá	Einkahlutafélag
Fræðslunetið-símenntun ses.	641199-2579			Sjálfseignarstofnun
Markaðsstofa Suðurlands ses.	480109-1470			Sjálfseignarstofnun
Sérdeild Suðurlands		Öll 8 sveitarfélögin	Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftfellinga og Skóla og velferðaþjónusta Árnesþings	Samningur frá 2014
Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Selfossi og ferðaþj. verkefni		Sveitarfélagið Árborg og Flóahreppur	Engir	Samningur frá 2016
Kotið, dagvistun fyrir fötluð börn eldri en 10 ára		Sveitarfélagið Árborg og Hveragerðisbær	Önnur sveitarfélög hafa einnig nýtt sér þjónustuna án formlegra samninga	Samningur
Dagdvöl fyrir eldri borgara, Árblik Selfossi		Sveitarfélagið Árborg og Flóahreppur	Önnur sveitarfélög hafa einnig nýtt sér þjónustuna án formlegra samninga	Samningur, óforml
Dagdvöl fyrir heilabílaða, Vinaminni Selfossi		Sveitarfélagið Árborg og Flóahreppur		Samningur, óforml
Zelsíuz, félagsmiðstöð, Selfossi		Sveitarfélagið Árborg og Flóahreppur		Samningur frá 2007
Bókasafn Árborgar		Sveitarfélagið Árborg og Flóahreppur		Samningur
Grunnskólar Árborgar		Sveitarfélagið Árborg og Ölfus		Samningur frá 2007
Leikskólar í Árborg		Sveitarfélagið Árborg og Ölfus		Samningur

Samantekt samstarfsverkefna

Helstu samstarfsverkefni sveitarfélaganna			
Samstarfsverkefni	Stjórnskipulag	Tilgangur	Ábendingar
Brunavarnir Árnæssýslu bs.	Þrjár fulltrúar í stjórn	Brunavarnir	Héraðsnefndin stofnaði Brunavarnir Árnæssýslu bs. Þarf að endurskoða. Ekki liggur fyrir hvort ráðuneytið hafi staðfest samþykktir byggðasamlagsins.
Almannavarnir Árnæssýslu	Átta fulltrúar í stjórn	Almannavarnir	Fara þarf yfir form og efni samstarfssamnings
Flúðaskóli	Engin stjórn	Grunnskóli	Börn í eldri bekkjardeildum frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi er kennt í Flúðaskóla. Skoða þarf form og efni samnings.
Leikskóli Hveragerði	Engin stjórn	Leikskóli	Ölfus greiðir hluta af rekstrar- og byggingarkostnaði. Skoða þarf form og efni samnings.
Grunnskóli Hveragerði	Engin stjórn	Grunnskóli	Ölfus greiðir vegna barna sem eru í skóla í Hveragerði. Skoða þarf form og efni samnings.
Vatnsveita Árborg	Engin stjórn	Óflun og sala á vatni frá Árborg til Flóahrepps.	Skoða þarf form og efni samnings.
Háskólafélag Suðurlands ehf.	Sjö fulltrúar í stjórn	Fræðslumál	Lög um einkahlutafélög gilda um starfsemina.
Fræðslunetið-símenntun ses.	Upplýsingar ekki aðgengilegar á heimasíðu	Fræðslumál	Ekki formleg aðild sveitarfélaganna þar sem um sjálfseignarstofnun er að ræða, en sveitarfélögin á svæðinu voru á sínum tíma stofnaðilar.
Markaðsstofa Suðurlands ses.	Sex fulltrúar í stjórn	Markaðsmál	Ekki formleg aðild sveitarfélaganna þar sem um sjálfseignarstofnun er að ræða, en sveitarfélögin á svæðinu voru á sínum tíma stofnaðilar.

Ábendingar vegna núverandi samstarfsverkefna

Aðgerðir

- Í 6. tölul. ákvæðis I til bráðabirgða í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er svohljóðandi ákvæði:

„Frá gildistöku laga þessara má ekki gera samninga um samvinnu sveitarfélaga eða við einkaaðila sem ganga gegn ákvæðum laga þessara. Slíkir samningar sem þegar eru í gildi halda hins vegar gildi sínu, að því leyti sem þeir eru í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og ákvæði annarra laga en tryggja skal að þeir fullnægi ákvæðum laga þessara ekki síðar en 15. október 2014.“

- Fyrir liggur að ekki hefur með skipulegum hætti verið farið yfir alla samninga og samþykktir sveitarfélaga í Árnessýslu sem falla undir þetta ákvæði, þrátt fyrir tilgreind tímamörk 15. október 2014.
- Bent er á að fara þarf yfir samþykktir byggðasamlaga, s.s. Héraðsnefndar Árnesinga bs. og Brunavarna Árnessýslu bs., einkum með tilliti til efnis samþykktanna og hvort aflað hafi verið staðfestingar viðkomandi ráðuneytis á þeim.
- Einnig þarf að fara yfir form og efni annarra samninga og samþykktanna í því skyni að uppfyllt verði ákvæði sveitarstjórnarlaga að öllu leyti.



kpmg.com/socialmedia



kpmg.com/app

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.